

AUGLÝSING

241

31. des.

um jarðræktarsamþykktir.

Í samræmi við lög nr. 7 12. janúar 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, reglugerð frá 20. febrúar 1946, og jarðræktarsamþykkt fyrir Búnaðarsamband Austurlands frá 8. ágúst 1947 hefur:

Jarðræktarsamþykkt fyrir 4. ræktunarsvæði Búnaðarsambands Austurlands (Fljótsdalshérað austan Lagarfljóts), hlotið staðfestingu landbúnaðarráðherra hinu 5. marz 1948.

Landbúnaðarráðuneytið, 31. desember 1948.

Bjarni Ásgeirsson.

Árni G. Eylands.

HÚSALEIGUVÍSITALA

242

Fyrir fyrsta ársfjórðung 1948	146	stig
Fyrir annan ársfjórðung 1948	146	—
Fyrir þriðja ársfjórðung 1948	148	—
Fyrir fjórða ársfjórðung 1948	150	—

KANADASJÓÐUR

243

til styrktar íslenskum námsmönnum.

Ársreikningur 1947.

Höfuðstóll:

1. Eign frá fyrra ári, samkvæmt birtum reikningi	kr. 126532.40
2. Tekjur um fram gjöld árið 1947, samkv. eftirfarandi reikningi	— 1053.47

Kr. 127585.87

Eignum sjóðsins er þannig háttað:

1. Veðdeildarbréf	kr. 11000.00
2. Sogsvirkjunarbréf	— 1000.00
3. Veðskuldabréf	— 91100.01
4. Inneign í sparisjóði	— 24385.86
5. Peningar í sjóði	— 100.00

Kr. 127585.87

Tekjur:

1. Vextir af veðdeildarbréfum	kr. 270.00
2. — — Sogsvirkjunarbréfi	— 40.00

Flyt kr. 310.00

		Flutt	kr.	310.00
243	3. Vextir af veðskuldabréfum	—	4379.00	
	4. — — sparisjóðsinnstæðu	—	364.47	
				Kr. 5053.47

Gjöld:

1.	Styrkur til Guðna Gunnarssonar og Péturs Pálssonar til náms í efna- verkfræði við McGill háskólann í Montreal, 1000 kr. til hvors	kr.	2000.00
2.	Styrkur til Björns læknis Jónssonar til framhaldsnáms í læknisfræði	—	2000.00
3.	Tekjur umfram gjöld	—	1053.47
			Kr. 5053.47

Forsætisráðuneytið, 16. janúar 1948.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

244

FIRMATILKYNNINGAR

Samkvæmt lögum nr. 42 13. nóv. 1903, um verzlunarskrár, firmu og prókúruum-
boð, hafa eftirfarandi tilkynningar verið birtar í Lögbirtingablaðinu 1948:

I. Reykjavík.

1.

Það tilkynnist hér með til firmaskrár Reykjavíkur, að við undirrituð, Guðmundur Guðmundsson, húsgagnasmiður, Víðimel 31, og Hildur Bjarnadóttir, s. st., erum eigendur að húseigninni nr. 166 við Laugaveg frá 1. janúar 1947, og rekum eignina undir firmanafninu Húseignin Laugavegur 166 s.f. Rétt til að rita firmað hefur Hildur Bjarnadóttir, og ritar hún firmað þannig:

Húseignin Laugavegur 166 s.f.
Hildur Bjarnadóttir.
Reykjavík, 21. nóv. 1947.
Hildur Bjarnadóttir.
Guðmundur Guðmundsson
(handsalað).
Guðl. Þorláksson.

2.

Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að við undirritaðir, Jón Fannberg, kaupmaður, Garðastræti 2, og Árni J. Fannberg, stud. oecon., s. st., er-

um eigendur að húseigninni nr. 2 við Garðastræti frá 1. janúar 1947, og rekum eignina undir firmanafninu Húseignin Garðastræti 2 s.f. Rétt til að rita firmað hefur Jón Fannberg, og ritar hann firmað þannig:

Húseignin Garðastræti 2 s.f.
Jón J. Fannberg.
Reykjavík, 21. nóv. 1947.
Jón J. Fannberg.
Árni J. Fannberg.

3.

Hér með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að firmað Húsgagnaverzlun Guðmundar Guðmundssonar hefur síðan 1. júní s. l. verið eign okkar undirritaðra, Guðmundar Guðmundssonar, húsasmiðs, Víðimel 31, Rvík, og Sæmundar Jónssonar, Laufásvegi 41, Rvík, og rekum við firmað undir nafninu Húsgagnaverzlun Guðmundar Guðmundssonar s.f., sem fullábyrgir félagar. Rétt til að rita firmað hefur Sæmundur Jónsson, og ritar hann það þannig: